


Foreldrahandbók Eldflaugarinnar 2023-2024

Almennar upplýsingar um starfið, markmið og verkefni vetrarins.



ELDFLAUGIN

Efnisyfirlit

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	2
HÚSNÆÐI	3
BÖRNIN SÓTT Í ELDFLAUGINA	4
AÐ SÆKJA UM FRÍSTUNDARDVÖL	6
LENGD VIÐVERA OG LEIÐBEININGAR UM VÖLU FRÍSTUND	7
Skráning í vetrarstarf	8
Skráning í lengda viðveru	9
FRÍSTUNDASTARF ELDFLAUGARINNAR	12
HÓPASTARF OG VAL	12
FRÍSTUNDAKORT	13
GJALDSKRÁ FRÍSTUNDAHEIMILA	14
SYSTKINAAFSLÁTTUR	14
SAMSTARF VIÐ FORELDRA	15
SAMSTARF VIÐ SKÓLA	15
ÍÞRÓTTAFÉLÖG OG AÐRAR STOFNANIR	15

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

- Samantekt fyrir foreldra barna sem eru að hefja frístundavist í Eldflauginni og upprifjun fyrir aðra -

Við bjóðum barnið þitt velkomið í Eldflaugina, frístundaheimili. Í þessari handbók er að finna allar helstu upplýsingar um frístundastarf.

Forstöðukona Eldflaugarinnar er Rúna Kristín Stefánsdóttir.

Rúna hóf störf í Eldflauginni haustið 2019, hún er með B.Sc. í íþróttافرæði og er í framhaldsnámi í Stjórnun og stefnumótun. Einnig er hún að taka viðbótardiplómu í Farsæld barna.

Aðstoðarforstöðukonur Eldflaugarinnar eru Dagný Soffía Eypórsdóttir og Lilja Íris Long Birnudóttir.

Dagný hóf störf í Eldflauginni haustið 2019, hún er með B.A. og M.A. í ensku ásamt viðbótardiplómu í kennslufræðum. Hún var að hefja nám í táknafræði núna í haust.

Lilja Íris er menntaður táknafræðingur og hóf störf hjá Eldflauginni haustið 2016.

Forstöðukonur er við alla daga frá 9.00-17.00. Hægt er að hringja í skrifstofuna s. 411-5560 eða panta viðtalstímatíma fyrir hádegi.

Rúna Kristín Stefánsdóttir / runa.kristin.stefansdottir@rvkfri.is / S:411-5560/664-7699

Netfang Eldflaugarinnar; eldflaugin@rvkfri.is

Heimasíða: www.tjornin.is/eldflaugin


Foreldrahópur Eldflaugarinnar á Facebook: [Eldflaugin 2023-2024](#)

HÚSNÆÐI

Eldflaugin er með hjartarými í kjallara skólans fyrir 1. og 2. bekk. Hjartarými barnanna í 3. og 4. bekk er í Tunglinu, staðsett á miðgangi nálægt bekkjarstofum 1.-4. bekkjar. Sjá yfirlitsmynd hér að neðan. Einnig er Eldflaugin með aðgengi að ýmsum kennsluastofum innan skólans ásamt íþróttahúsinu og bókasafninu.

Eldflaugin er opin frá því að börnin eru búnin í skólanum kl. **13.40** þar til klukkan **17.00**.

Mikilvægt er að sækja börnin á réttum tíma.



BÖRNIN SÓTT Í ELDFLAUGINA

Þegar komið er að sækja börn í 1.-2. bekk þurfa foreldrar að koma í skráningu sem staðsett er í hjartarými Eldflaugarinnar í kjallara skólans. Þar er tafla með myndum af börnunum þar sem þau merkja hvar þau eru að leik hverju sinni. Í skráningu er starfsmaður sem tekur á móti foreldrum og aðstoðar við að sækja börnin. Mikilvægt er að láta starfsmann í **skráningu** vita þegar börnin eru sótt og minna börnin á að færa myndina sína í reitinn „heim“.

Ef sækja á börn í 3. og 4. bekk þá er það gert í Tunglið. Tunglið er opið til 16:30, eftir það fara öll niður í Eldflaugina og ljúka deginum þar.

Foreldrar bera ábyrgð á að skrá í Völu frístund hverjir mega sækja barnið á frístundaheimilið undir TENGILIÐIR. Starfsmenn frístundaheimilisins fara eftir þeim upplýsingum sem þar eru skráðar þegar umsókn um frístundavist er staðfest. Foreldrar geta breytt TENGILIÐUM í Völu frístund eftir að umsóknin er staðfest en þurfa þá einnig að tilkynna forstöðukonu um breytingarnar skriflega þar sem ekki berst sjálfkrafa tilkynning.

Við óskum allra helst eftir því að foreldrar **sendi okkur tölvupóst eða hringi fyrir hádegi** ef þörf er á að koma til okkar skilaboðum fyrir daginn. Nauðsynlegt er að láta vita ef einhver annar en uppgefnir aðilar koma að sækja barnið:

- með tölvupósti eldflaugin@rvkfri.is
- símleiðis í síma 411-5560
- **helst fyrir hádegi**

Eftir að börnin mæta til okkar á daginn þá er samvera með börnunum í forgangi hjá okkur og á álagstímum getum við ekki alltaf svarað í síma. En ef eitthvað kemur upp á með stuttum fyrirvara má að sjálfsögðu hringja í okkur í s: 1.-2.bekk 411-5560/611-0628 / 3.-4. bekkur 411-5560/**699-7615** og ef við erum vant við látin þá reynum við að hringja við til baka um leið og færi gefst.

Það er mikilvægt fyrir foreldra að vita að starf Eldflaugarinnar er dreift um skólann. Þegar komið er að sækja gætu foreldrar þurft að sækja eigur barna inn í skóla en barnið annars staðar. Við leitum til ykkar foreldra um skilning og þolinmæði hvað húnsæðismálin varðar. Við hvetjum ykkur til að gefa ykkur tíma þegar þið komið að sækja og endilega staldra við og kíkja á það sem börnin eru að gera í starfinu.

Dagskipulag Eldflaugarinnar

13.40	Börnin sótt í bekkina
13:40-14:30	Útivist/Hressing
14:30-16:00	Val / smiðjur
16.00-16.30	Útivist/Ávaxtastund
16.30-17.00	Frágangur og róleg stund
17.00	Eldflaugin lokar

Má ég hringja heim?

Á frístundaheimilinu fáum við oft spurninguna: Má ég hringja heim? Þar sem það getur verið mikið álag á símanum höfum við ekki tók á að leyfa börnunum að hringja heim nema erindið sé brýnt, t.d. eitthvað gleymdist heima eða óvíst er hvort barnið á að labba heim eða er sótt. Til þess að léttu álagið á símanum fá börnin ekki leyfi til að hringja heim úr Eldflauginni ef erindið er að biðja um að fá að leika með öðrum eftir frístund. Við biðjum foreldra að sýna þessari reglu skilning og hvetjum til þess að slíkar heimsóknir séu skipulagðar daginn áður og við látin vita með símtali eða tölvupósti. Sömu reglur gilda um einkasíma og/eða símaúr barnanna í Eldflauginni og skólanum, það á að vera slökkt á þeim tækjum og þau höfð ofan í tösku á Eldflaugartíma. Við biðjum foreldra einnig að virða þá reglu og tíma barnsins til frjáls leiks.

AÐ SÆKJA UM FRÍSTUNDARDVÖL

Foreldrar geta skráð börn í Eldflaugina allt frá einum degi í viku upp í fimm daga og greitt er gjald fyrir hvern dag sem barnið er skráð skv. gjaldskrá á síðu 7. Hægt er að skrá börnin í síðdegishressingu gegn gjaldi þá daga sem barnið er skráð, flest börn í Eldflauginni nýta þessa þjónustu. Ef börn hafa fæðuóþol eða sérþarfir þarf að skrá þær upplýsingar í Völu eða senda forstöðukonu upplýsingarnar skriflega séu upplýsingarnar ekki skráðar í Völu. Mikil áhersla er lögð á að bjóða holla og fjölbreytta fæðu. Alla daga er boðið upp á niðurskorna ávexti og grænmeti.

Á frístundaheimilinu höldum við skráningu um það hvaða börn eru hjá okkur á hverjum degi. Þegar sótt er um frístundavist í Völu þarf að skrá upplýsingar um það hversu lengi barnið verður á frístundaheimilinu hvern dag, og hvort barnið er sótt eða labbar heim sjálf. Eins og fram hefur komið er greitt fyrir frístundavist eftir fjölda daga en ekki eftir fjölda klukkutíma á dag. Foreldrum er frjálst að nýta tímann til 17.00 og ekki þarf að láta vita ef börnin eru sótt seinna einstaka sinnum en skráð er í Völu. **Aftur á móti er nauðsynlegt að láta vita um breyttan heimferðatíma þeirra barna sem ganga sjálf heim. Ef um varanlega breytingu á vistun er að ræða ber foreldrum að breyta skráningu inni á Völu.**

Óskir um að bæta við dögum eða fækkun á dögum fara einnig í gegnum Völu. Við komum til móts við óskir um að bæta við dögum eins fljótt og auðið er. Varðandi óskir um að fækka vistunardögum taka þær breytingar sem berast t.o.m. 14 hvers mánaðar gildi strax mánaðarmótin eftir. Þær óskir sem berast 15. eða eftir taka gildi um þar næstu mánaðarmót. Dæmi: Berist uppsögn eða breytingarósk með fækkun daga 13.janúar tekur hún gildi 1.febrúar. Berist hún 20.janúar tekur hún gildi 1.mars.

Á foreldradögum, starfsdögum og í kringum jóla- og páskafrí skólanna eru frístundaheimilin opin frá kl. 8.00 nema annað sé tekið fram. Óskað er sérstaklega eftir skráningu fyrir þá daga á hverjum stað fyrir sig og þarf að greiða aukalega fyrir dvöl fyrir hádegi þá daga (sjá nánar neðar í *Lengd viðvera*).

Ekki er opið á morgnanna á frístundarheimilum á svokölluðum skertum dögum hjá skólanum. Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum grunnskólanna.

Vetrarstarf frístundaheimila hefst daginn eftir skólasetningu hjá 2.-4. bekk en hjá 1. bekk hefst starfið að fyrsta skóladegi loknum. Þegar umsóknir eru afgreiddar á haustin eru börn í 1. bekk í forgangi um frístundavist, þá 2. bekkur og svo framvegis. Innan hvers aldurshóps eru umsóknir afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Dvalarsamningar gilda til skólaloka í júní 2024.

Sækja þarf um frístundavist fyrir hvert skólaár. Skráning fyrir næsta skólaár hefst í febrúar hvers árs. Skráning í sumarfrístund hefst eftir sumardaginn fyrsta hvert ár og er auglýst sérstaklega.

LENGD VIÐVERA OG LEIÐBEININGAR UM VÖLU FRÍSTUND

Á þeim dögum þegar hefðbundið skólastarf liggur niðri, svo sem á skipulagsdögum kennara, foreldraviðtalsdögum, og í kringum jóla- og páskafrí er stundum boðið upp á þjónustu allan daginn í frístundaheimilinu. Óskað er eftir að börnin séu sérstaklega skráð á þessa daga og fer sú skráning fram inni á Völu frístund, undir *lengd viðvera*. Skráningin verður auglýst í tölvupósti og á facebook síðum með góðum fyrirvara og stendur skráningin yfir í um það bil viku.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8.00-13.30 á þessum dögum þarf að greiða fyrir það kr. 2.481 kr. á dag. 13.30-17.00 er ekki tekið aukalegt gjald fyrir vistun sé barnið skráð í frístund á þeim dögum (t.d. miðvikudögum). Óskað er eftir skráningu á þessa daga sérstaklega, líka ef barnið á bara að mæta eftir hádegi. Ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun á þessum dögum.

Þessa daga er tækifærið stundum nýtt til að bregða út af venjunni og farið í ferðir eða heimsóknir. Dagskráin fyrir daginn er ávallt ákveðin eftir að skráningu lýkur og tekur mið af barnafjölda. Þegar dagskráin liggur fyrir er hún send út til foreldra.

Skráning í vetrarstarf

VALA FRÍSTUND

SVETTARÉLAG

Réttur/viðbörg

Vetrarfrístund

Lengd viðvera

Mínar upplýsingar

Útskráning

Vetrarfrístund

Yfirlit Umsóknir Vistanir

Núverandi skráning barna

Nafn	Kennitala	Skráning	Virkar umsóknir
Jón Jónsson	123456-7890		<input type="checkbox"/>
Guðrún Jónsdóttir	098765-4321		<input type="checkbox"/>

Sækja um

Skráning

Nafn
Guðrún Jónsdóttir

Kennitala
098765-4321

Tímabil*

Bekkur

Frístundaheimili/félagsmiðstöð
Eldflaugin - Hlíðaskóli (1.-4. bekkur)

Ósk um að vistun hefjist*
24.08.2020

Dagur	Tími til
<input checked="" type="checkbox"/> Mánudagur	
<input checked="" type="checkbox"/> Þriðjudagur	
<input checked="" type="checkbox"/> Miðvikudagur	
<input checked="" type="checkbox"/> Fimmtudagur	
<input checked="" type="checkbox"/> Föstudagur	

Heimferðarmáti*

Síðdegishressing*

Skráning í lengda viðveru

Lengd viðvera 28.03.2018

Nafn	Kormákur Skarphéðinsson	
Kennitala	123456-7891	
Dagsetning	28.03.2018	
Fyrir hádegi	<input checked="" type="checkbox"/>	Í athugasemdar dálkinn skrifa foreldrar/forráðamenn aðrar mikilvægar upplýsingar sem þeir vilja að starfsmenn viti, svo sem að barn fari á æfingu, fer með öðrum heim eða mætir seinna.
Eftir hádegi	<input checked="" type="checkbox"/>	
Komutími *	08:00 ▾	
Brottfarartími *	17:00 ▾	
Sótt/ur	<input checked="" type="checkbox"/>	
Athugasemd	<div style="border: 1px solid #ccc; padding: 5px;">Fer í rutu klukkan 14:15 / kemur seint utaf tannlækni / er sótt af afa sínum Kormáki / fer heim með Soffíu vinkonu sinni o.s.frvl</div>	
<p>⚠ Athugið að skráning í lengda viðveru er bindandi !</p>		
		<div style="display: flex; justify-content: flex-end;">VeljaHætta við</div>

Bætt við skráningu

Nafn	Kormákur Skarphéðinsson
Kennitala	123456-7891
Dagsetning	28.03.2018
Fyrir hádegi	✓
Eftir hádegi	✓
Komutími	08:00
Brottfarartími	17:00
Sótt/ur	✓
Athugasemd	

Foreldrar/forráðamenn þurfa að muna að setja inn tímann sem barnið mætir og tímann sem það fer heim. Einnig þarf að haka í "Sótt/ur" ef barn verður sótt, ef ekki er hakað í það þá verður barnið sent labbandi heim.

▲ Athugið að skráning í lengda viðveru er bindandi







Halda áfram að velja Ganga frá skráningu

Hér þarf að velja "Halda áfram að velja" til þess að skrá á fleiri en einn dag

Hér þarf að velja "Ganga frá skráningu" ef foreldri/forráðamaður ætlar ekki að skrá á fleiri daga

Skráning

Yfirlit yfir skráningu áður en hún er svo staðfest hér að neðan

Nafn	Kennitala	Dagsetning	Fyrir hádegi	Eftir hádegi	Komutími	Brottfarartími	Sótt/ur	Athugasemd
Kormákur Skarphéðinsson	123456-7891	28.03.2018	✓	✓	08:00	17:00	✓	 
Kormákur Skarphéðinsson	123456-7891	27.03.2018	✓	✓	08:00	17:00	✓	 
Kormákur Skarphéðinsson	123456-7891	26.03.2018	✓	✓	08:00	17:00	✓	 

Skilmálar

Hér er gott að lesa yfir skilmálana og muna eftir að senda börnin klædd eftir veðri og með nesti!

Nesti: Barnið þarf að koma með nesti fyrir morgunhressingu og hádegishressingu. Fristundaheimilið sér um ávexti og síðdegishressingu.

Gjald fyrir langa daga er kr. 2.013 fyrir hádegi.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir vistun eftir hádegi. Þetta á við um börn sem skráð eru í vistun á sama vikudegi og lengda viðveran.

Börn sem ekki eru skráð ofangreindan dag greiða kr. 2.013 fyrir hádegi og kr. 2.013 eftir hádegi

Gjald fyrir langa daga er innheimt eftir á með vistunargjöldum mánaðarins.

Munið að klæða börnin eftir veðri.

Vinsamlegast látið vita fyrir kl. 09:00 ef barnið mætir ekki. Ekki er tekið á móti óskráðum börnum. Athugið að skráning er bindandi.

Ég hef lesið skilmálana og samþykki þá.*

Haka þarf hér við svo að skráning fari í gegn!

Staðfesting

Skráning í lengda viðveru

Óstaðfestar skráningar (0)

Staðfesting

Kormákur Skarphéðinsson kt. 123456-7891

Dagsetning	Skráð	Skráð á biðlista	Athugasemd
27.03.2018	✓		
26.03.2018	✓		
28.03.2018	✓		

Svona lítur staðfesting á skráningu út

Takk fyrir skráninguna

Aftur á forsiðu

Útskrá

FRÍSTUNDASTARF ELDFLAUGARINNAR

Leiðarljós frístundaheimila er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Lögð er áhersla á að efla félagsþroska hvers barns og virðingu þess fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu. Við teljum mikilvægt að efla sjálfstæði og sjálfsmynd hvers barns og gera því kleift að kynna eigin möguleikum. Þá er markmið með starfsemi frístundaheimila ekki síst að kynna ólíkar tólmstundir fyrir barninu og veita börnum og foreldrum heildstæða þjónustu. Að ofangreindu má ljóst vera að barnið og vellíðan þess er þungamiðjan í daglegu starfi.

HÓPASTARF OG VAL

Starfið í Eldflauginni er skipulagt með það að markmiði að öll börn geti fundið sér spennandi viðfangsefni á hverjum degi. Daglega hafa börnin val um að taka þátt í skipulögðu hópastarfi og að leika frjálst á mismunandi svæðum inni eða úti.

Við leggjum áherslu á leik innandyra sem og utandyra og farið er út í flestum veðrum. Því er mikilvægt að börnin hafi með sér klæðnað til útiveru á hverjum degi og aukafatnað.

Í Eldflauginni leggjum við áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt og spennandi hópastarf. Við leitum til starfsfólks og barna Eldflaugarinnar við skipulagningu hópstarfsins. Við leggjum áherslu á að ráða til okkar hugmyndaríka og skapandi einstaklinga sem hafa áhuga á að deila sínum áhugamálum með börnunum. Bæði börn og starfsfólk koma með hugmyndir að smiðjum og fá tækifæri til að halda utan um framkvæmd og skipulag þeirra. Það er að okkar mati lykillinn að skemmtilegu og vel heppnuðu hópastarfi að bæði börnin og starfsfólkið hafi gagn og gaman af.

Dæmi um smiðjur sem boðið hefur verið upp á í Eldflauginni eru leiklist, fjölmeningareldhúsið, þrjónapartý, vísindasmiðja, myndasögugerð og 4.bekkjar klúbbur.

Í vikulegum foreldrapósti sendum við út fréttir af starfinu sem fer fram á frístundaheimilinu og upplýsingar um það sem er á döfinni. Í póstinum sendum við út nýja dagskrá, látum vita af löngum dögum og sendum út boð í foreldrakaffi. Frekari fréttir og myndir úr starfinu fara síðan inn á lokaðan facebook hóp: Eldflaugin 2023-2024.

FRÍSTUNDAKORT

Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi.

Styrkurinn er 75.000 krónur á barn á ári frá og með 1. janúar 2021. Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Bent er á að ekki er mögulegt að flytja styrkinn milli ára.

Börn sem verða sex ára á árinu eiga rétt á styrk frá 1. janúar það ár og út árið sem þau eru 18. Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára þurfa að skrá sig sjálfir inn í Rafræna Reykjavík til þess að ráðstafa styrknum.

GJALDSKRÁ FRÍSTUNDAHEIMILA

Vetrarstarf

Þjónusta	Mánaðarverð	Síðdegishressing	Samtals
Vistun 5 daga	16.537	4.773	21.310
Vistun 4 daga	13.474	3.824	17.298
Vistun 3 daga	10.406	2.863	13.269
Vistun 2 daga	7.343	1.930	9.273
Vistun 1 dag	4.264	976	5.240
Lengd viðvera	2.481		

| Gjaldskrá gildir frá 1. janúar 2023

SYSTKINAAFSLÁTTUR

Veittur er afsláttur vegna systkina af dvalargjaldi í vetrarstarfi, þvert á skólastig. Skilyrði fyrir því er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer hjá þjóðskrá. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi eða lengdri viðveru.

Veittur er systkinaafsláttur milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/frístundaklúbba þannig að 100% afsláttur er af vistunargjöldum á frístundaheimili/frístundaklúbb ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu.

SAMSTARF

VIÐ FORELDRA

Við leggjum áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra og tökum vel á móti athugasemdum og ábendingum. Eldflaugin mun reglulega hafa opið hús þar sem foreldrum er boðið að skoða afrakstur hópstarfs og taka þátt í starfi dagsins en foreldrum er samt sem áður alltaf velkomið að koma inn og setjast niður með börnunum og taka þátt í starfinu með þeim. Forstöðufólk frístundaheimila bera ábyrgð á að upplýsingaflæði sé gott, til dæmis með því að uppfæra heimasíðu og facebook síðu Eldflaugarinnar reglulega þar sem finna má dagskrár og myndir úr starfinu. Einnig auglýsum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á að koma í starfið og vera með stutt námskeið, smíðjur eða bara vera með börnunum og spjalla og spila.

VIÐ SKÓLA

Samstarf við skóla er margþætt og snýr bæði að innri og ytri málefnum frístundaheimilisins. Frístundaheimilin eru að öllu jöfnu staðsett í skólahúsnæði og um nýtingu á húsnæði gildir sérstakur samningur sem skólastjóri og forstöðukona frístundaheimilis samþykkja. Einnig situr forstöðukona samráðsfundi með skólastjórnendum. Á þeim fundum eru tekin fyrir margvísleg málefni, s.s. þjónusta við börn með sérþarfir, samstarf á óhefðbundnum skóladögum og annað samráð.

ÍPRÓTTAFÉLÖG OG AÐRAR STOFNANIR

Eldflaugin er í samstarfi við Val, en Valur býður uppá rútuferðir gegn gjaldi frá frístundaheimilinu og að Valsheimilinu alla daga vikunnar. Skráning í rúttuna fer fram hjá Val sem sendir lista á frístundaheimilið. Eldflaugin sér síðan um að safna saman börnunum áður en rútan kemur og fylgist með að þau fari í rúttuna. Þar tekur starfsmaður Vals við þeim og fylgir þeim í Valsheimilið.

Við hlökkum til að vera í góðu samstarfi í vetur,

Rúna, Dagný og Lilja Íris